



Ágætu fundargestir.

Ég flyt nú skýrslu bankaráðs Landsbankans fyrir árið 2025. Að því loknu mun Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, fjalla nánar um uppgjör og rekstur síðasta árs.

Þegar litið er til lykiltalna í rekstri bankans á árinu 2025 læt ég nægja að benda á að hagnaður bankans á árinu 2025 nam 38 milljörðum króna, arðsemi eigin fjár var 11,6% og kostnaðarhlutfallið 34,3% — sem telst afar gott, bæði í samanburði við innlenda banka og banka í nágrannaríkjunum.

Þessi niðurstaða, ásamt traustri eiginfjárstöðu, gerir bankanum kleift að greiða hluthöfum sínum myndarlegan arð. Fyrir þessum aðalfundi liggur tillaga bankaráðs um að reglulegar arðgreiðslur vegna ársins 2025 verði samtals 18,9 milljarðar króna, eða um 50% af hagnaði ársins.

Að auki er á þessu ári lagt til að greidd verði sérstök arðgreiðsla að fjárhæð 16,1 milljarðar króna.

Eins og fram kemur í ársuppgjörinu lækkaði áhættugrunnur bankans í kjölfar innleiðingar CRR-III reglugerðarinnar sem varð til þess að eiginfjárhlutfall hækkaði úr 23,8% í 24,8%. Með hliðsjón af sterkri eiginfjárstöðu ákvað bankaráð því að leggja til sérstaka arðgreiðslu.

Verði arðgreiðslutillaga bankaráðs samþykkt munu arðgreiðslur á árinu 2026 nema alls 34,9 milljörðum króna.

Í tengslum við arðgreiðslutillögurnar gaf bankinn út víkjandi verðbréf í krónum sem teljast til viðbótareiginfjárpáttar 1. Tilgangurinn var að hagræða í fjármagnsskipan bankans og styðja þannig við arðsemi án þess að skerða möguleika á uppbyggingu og auknum umsvifum.

Að mínu mati markaði síðasta ár tímamót þegar lánshæfismat bankans hjá S&P var hækkað í apríl úr B-flokki í A-flokk fyrst íslenskra banka í nær 20 ár. Með hliðsjón af traustri fjármagnsskipan má ætla að meira sé að sækja í þeim efnum.

Góðir fundargestir.

Árangur bankans mælist ekki einungis í góðri afkomu á liðnu ári. Viðskiptavinum hélt áfram að fjölga, fjölbreytni í þjónustu jókst og mælingar sýna að ánægja viðskiptavina heldur áfram að aukast.

Árangurinn byggir á mörgum þáttum, ekki síst því að bankinn býður bæði aðgengilega stafræna þjónustu og persónulega þjónustu um allt land. Langflestir viðskiptavinir sinna sínum bankamálum í Landsbankaappinu, en vilja jafnframt hafa aðgang að mannlegri ráðgjöf.

Útibú bankans eru nú 34 talsins. Fyrir fáum árum gekk yfir bylgja þar sem útibúum banka var lokað í stórum stíl. Landsbankinn tók seint þátt í þeirri bylgju og nú virðist svo sem hún sé víða að fjara út. Raunar hafa sumir erlendir bandar, t.d. í Bandaríkjunum, boðað fjölgun útibúa á ný til að vera nær viðskiptavinum sínum. Mikilvægt er að hafa í huga að útibú Landsbankans þjóna ekki einungis nærsamfélaginu; þau eru hluti af öflugum þjónustuneti alls bankans. Þannig veitir starfsfólk



útibúanna viðskiptavinum þjónustu óháð staðsetningu. Þetta styrkir útibúin, bætir þjónustu bankans og er að mínu mati eitt best heppnaða dæmið um árangursríka fjarvinnu sem þekktist hér á landi.

Bankar eru á hraðri leið að taka á sig mynd tæknifyrirtækja. Fjárfestingar bankans í upplýsingatækni hafa verið miklar og gera bankanum kleift að aðlagast breytingum, bjóða nýjungar og sækja fram til að takast í við aukna samkeppni í fjártækni.

Bankinn heldur áfram að vera öflugasti fyrirtækjabanki landsins og nýlega hóf bankinn sölu á tryggingum í samstarfi við TM og hefur sú þjónusta farið vel af stað. Þar felast tækifæri til að nýta öflugt þjónustunet bankans til að bjóða heildstæða trygginga- og fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Góðir fundargestir.

Sterk staða Landsbankans er ekki sjálfgefin. Innlend og erlend samkeppni fer sífellt vaxandi, einkum á fyrirtækjamarkaði, og ástæða er til að ætla að erlend fjármála- og fjártæknifyrirtæki muni á komandi árum sækja fram á einstaklingsmarkaði. Samkeppnin heldur okkur á tánum og við óttumst hana ekki, en mikilvægt er að hún sé á jafnréttisgrundvelli.

Á meginlandi Evrópu hafa eiginfjárkröfur verið lækkaðar í fyrsta sinn frá alþjóðlegu bankareppunni og unnið er að einföldun regluverks hjá Seðlabanka Evrópu. Svipuð þróun á sér stað í Bretlandi og Bandaríkjunum. Það er því eðlilegt að það sé tryggt að regluverkið og umgjörð bankastarfsemi hér á landi sé í samræmi við það sem þekktist í nágrannalöndum — án þess að það komi niður á viðnámsþrótti íslenska fjármálakerfisins.

Fyrr í dag ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti í 7,5% og því ljóst að vaxtalækkunarferlinu innanlands seinkar umfram það sem vonast hafði verið.

Óvissa er mikil á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og ýmis kunnugleg teikn eru á lofti fyrir þá sem fylgst hafa lengi með þróun efnahagsmála. Á síðasta ári varð umbylting í alþjóðlegu viðskiptakerfinu og á sama tíma eru hraðar tæknibreytingar að setja mark sitt á heiminn og af þeim sökum er það áskorun að greina virði fyrirtækja og áhættu. Undanfarna mánuði hafa nokkur fyrirtæki og sjóðir á jaðri bankakerfisins lent í uppnámi — og í slíkum málum er sjaldan ein báran stök. Þá bætast átök í Mið austurlöndum við þessa mynd, og þeir sem muna áhrif olíuverðshækkana á áttunda áratugnum og stöðnunina sem fylgdi vita að slíkt horfir ekki alltaf vel án þess að hér sé verið með hrakspár.

Á Íslandi stendur fjármálakerfið traustum fótum og staða heimila og fyrirtækja er góð í sögulegu samhengi þrátt fyrir hátt vaxtastig og bankakerfið hefur styrk til að standast áföll sem kynnu að koma utan frá - þökk sé þeim kerfisbreytingum sem orðið hafa á fjármálamarkaði frá 2008.

Að lokum vil ég nefna að fyrir aðalfundinum liggur tillaga um breytingar á samþykktum bankans sem felur í sér að bankaráðsmönnum mun fækka úr sjö í fimm. Sú breyting er í samræmi við þróun í annarri starfsemi bankans. Við þessar breytingar hættir Steinunn Þorsteinsdóttir í bankaráðinu og Kristján Þ. Davíðsson sem verið hefur aðalmaður tekur sæti varamanns í stað



Sigurðar Jóns Björnssonar. Ég þakka þeim Steinunni og Sigurði kærlega fyrir vel unnin störf og það verður gott fyrir okkur að geta áfram notið krafta Kristjáns. Þá þakka ég einnig öðrum bankaráðsmönnum, starfsfólki og stjórnendum fyrir ánægjulegt samstarf og góðan árangur á árinu. Hluthöfum og eftirlitsaðilum þakka ég fyrir góð samskipti.

Takk fyrir.